

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Laugalandi, 6. júlí 2018

Efni: Kvörtun Ágústu Guðmarsdóttir varðandi kjör fulltrúa í nefndir og stjórnir á vegum sveitarfélagsins Ásahrepps.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins (Tilv: SRN18060081/4.13.2) þar sem óskað er eftir umsögn um kvörtun Ágústu Guðmarsdóttur, sveitarstjórnarmanns í Ásahreppi, varðandi kjör fulltrúa í nefndir og stjórnir á vegum sveitarfélagsins o.fl., sem dagsett er 20. júní 2018.

Þar sem flestar kvartanir lúta að kjöri fulltrúa í nefndir og stjórnir vill meirihluti sveitarstjórnar benda á að við skipun fulltrúa í nefndir og stjórnir var höfð að leiðarljósi „**Samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps**“, dags. 13. janúar 2016.

Hér að neðan er veitt umsögn um einstaka liði kvörtunar Ágústu.

Kvörtun 1:

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.

Meirihluti hreppsnefndar Ásahrepps hafði til hliðsjónar „SAMÞYKKT um stjórn og fundarsköp Ásahrepps“. Þar sem fram kemur í 41. gr. 2. lið:

1 fulltrúi og annar til vara. Ekki er tiltekið að um aðalmenn í sveitarstjórn þurfi að vera.

Félagsmálanefnd Rang. og V- Skaft.

Ekki var verið að úthluta E-lista neinu sæti heldur var verið að velja hæfan einstakling af minnihluta lista þó svo að hægt hefði verið að velja hæfan einstakling af L- lista, lista meirihluta. Að mati L-lista er efsti maður á E-lista ekki æskilegur í félagsmálanefnd þar sem viðkomandi er sjálfur fósturforeldri. En við eigum svo mikinn mannauð í sveitarfélaginu að ekki á að vera vandamál að skipa einn fulltrúa í þessa stöðu sem aðalmaður í félagsmálanefnd Rang. og V-Skaft. Einfaldast hefði verið að skipa fulltrúa úr meirihluta, enda hafði minnihluti ekki tilkall til þessa eina sætis í ljósi niðurstöðu kosninga. Meirihluta finnst sérkennilegt að fulltrúi minnihluta skuli kvarta yfir þessu atriði þar sem meirihluti gerir tillögu um að fulltrúi minnihluta verði fulltrúi sveitarfélagsins í þessari nefnd.

Sorpstöð Rangárvallasýslu.

Meirihluti hreppsnefndar skipaði fulltrúa í Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. samkvæmt „SAMÞYKKT um stjórn og fundarsköp Ásahrepps“, en þar er ekki tilgreint að viðkomandi fulltrúi Ásahrepps þurfi að vera aðalmaður í sveitarstjórn.

Umhverfisnefnd.

Aðalfulltrúar voru ekki valdir af listum heldur gerð tillaga um skipun fólks úr samfélaginu, sem voru á hvorugum lista (E- eða L-lista). Sem varamenn voru tilnefnið 1. maður af E-lista, 2. maður af L-lista og 3. maður úr samfélaginu.

Skógasafn.

L-lista urðu hér á mistök sem hefur verið viðurkennd af hálfu meirihluta. Beðið verður eftir því að Héraðsnefnd Rangæinga skipi fulltrúa í stjórn Skógasafns, eins og samþykktir kveða á um.

Vatnajökulsþjóðgarður.

Ásta B. Ólafsdóttir var fulltrúi Ásahrepps í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Hún er búin að hafa samband við ráðherra Umhverfis- og auðlindamála og biðjast lausnar. Samkomulag varð um við ráðuneytið að Ásta B. Ólafsdóttir myndi sitja næsta fund vegna skipulagsbreytinga og ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Í kjölfar þess mun ráðherra taka við tilnefningu á nýjum fulltrúa fyrir hönd Ásahrepps. Þessi staða er ástæða þess að tilnefndur var nýr fulltrúi fyrir hönd Ásahrepps, en þá liggur sú tilnefning fyrir þegar ráðherra skipar nýjan fulltrúa í stjórn.

Útivistarnefnd.

Hér varð L- lista á mistök en þessi nefnd heitir í dag „Göngu- og reiðleiðanefnd“. Þess ber þó að geta að hún er ekki tilgreind í „SAMÞYKKT um stjórn og fundarsköp Ásahrepps“. Til stendur að breyta samþykktum Ásahrepps og gera tillögu um að þessi nefnd verði tilgreind í samþykktum með nýju nafni og hlutverki til þess að nefndin geti tekið að sér víðtækari hlutverk í útivistarmálum. Nefndinni verður sett erindisbréf þar sem hlutverk hennar og skyldur verða vel skilgreind. Eins og staðan er í dag er staða útivistarnefndar alls ekki nægjanlega skýr. Þar til þeirri vinnu er lokið mun nefndin starfa samkvæmt fyrri ákvörðun sveitarstjórnar Ásahrepps og starfa undir nafninu „Göngu- og reiðleiðanefnd“.

Bókasafnsnefnd.

Á síðasta kjörtímabili var skipað í Bókasafnsnefnd en engin gögn finnast um að hún hafi verið lögð niður, eins og fram kemur í kvörtun Ágústu.

Ungmennaráð Suðurlands.

Ungmennaráð starfar eftir samþykktum á grundvelli allra sveitarfélaga á Suðurlandi. Á síðasta kjörtímabili voru skipaðir einn aðalmaður og einn varamaður í ráðið samanber fundargerð 44. fundar hreppsnefndar Ásahrepps dags. 9. apríl 2017 liður 6 og fundargerð 51. fundar hreppsnefndar Ásahrepps dags. 8. nóvember 2017 liður 4. Þar sem nú er að hefjast nýtt kjörtímabil og nýtt starfsár hjá ungmennaráði Suðurlands, þá töldu fulltrúar L- lista rétt að tilnefna fulltrúa í ráðið.

Kvörtun 2.

Landsþing Íslenskra sveitarfélaga.

Þar er aðeins einn fulltrúi og er það eðlilegt og sanngjarnt að meirihluti hefði það sæti og einnig að varamaður væri af sama lista.

Samband sunnlenskra sveitarfélaga auka aðalfundur.

Á öðrum fundi hreppsnefndar Ásahrepps dags. 26. júní 2018, 9. dagskrárlið, buðu fulltrúar L-lista fulltrúum E-lista að fá annan aðalmann á aukaaðalfund SASS sem haldinn var 27. júní 2018. Rétt er að geta þess að Ásahreppur á 2 fulltrúa á aðalfundum SASS, samkvæmt samþykktum samtakanna. Bókun fulltrúa E-lista frá sama fundi er eftirfarandi: „Fulltrúar E-lista lýsa yfir ánægju með að fulltrúa E-lista hafi verið boðið að koma sem aðalfulltrúa en gera athugasemd við að þessar upplýsingar lágu ekki fyrir fyrr en á þessum fundi“.

Kvörtun 3.

Fulltrúar L-lista telja ekki óeðlilegt að Guðmundur Gíslason hafi mætt á fund UTU (Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs) sem áheyrnarfulltrúi þar sem til stóð að hann yrði kjörinn sem fulltrúi Ásahrepps í stjórn byggðarsamlagsins. Fulltrúar í stjórn byggðarsamlagsins gerðu enga athugasemd við það, enda voru fleiri sambærilegir aðilar úr öðrum sveitarfélögum sem taka áttu sæti í stjórn mættir á fundinn sem áheyrnarfulltrúar. Hann mætti þarna til þess að kynna sér starf stjórnar og kynna sig sem verðandi stjórnarmann. Hann skrifaði ekki undir fundargerð og er ekki að taka ákvörðun um einstaka atriði sem tekin voru til afgreiðslu á fundinum. Þar sem hann er ekki að taka þátt sem aðalmaður þá getum við ekki séð að hann hafi brotið samþykktir eða sveitarstjórnarlög.

Það er von okkar fulltrúa í meirihluta hreppsnefndar Ásahrepps að þessi umsögn og skýringar séu nægjanlega skýrt fram settar fyrir ráðuneytið. Ef ráðuneytinu finnst eitthvað óljóst þá erum við reiðubúin til að gera betur grein fyrir einstaka atriðum sem hérna koma fram.

Virðingarfyllt,

Ásta B. Ólafsdóttir
oddviti hreppsnefndar Ásahrepps